



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Augun, tárin og flísín

Mennskan og mörk hennar í þremur skáldsögum Sjóns

Ritgerð til B.A.-prófs

Helga Kristín Gilsdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Augun, tárin og flísin

Mennskan og mörk hennar í þremur skáldsögum Sjóns

Ritgerð til B.A.-prófs

Helga Kristín Gílsdóttir

Kt.: 120672-5339

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson

Maí 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um þrjár skáldsögur eftir rithöfundinn Sjón og helgast valið af því að þær eru allar tilbrigði við ákveðið stef. Þetta eru sögurnar *Augu þín sáu mig – ástarsaga*, *Með titrandi tár – glæpasaga* og *Argóarflísín – goðsaga um Jason og Keneif*. Skáldsögurnar eiga það sameiginlegt að kalla fram margar spurningar í huga lesandans og áleitnust þeirra er e.t.v. sú sem má orða svo: Hvað er það að vera maður? Ljóst er að manneskjan, mennskan og mörk hennar eru höfundi afar hugleikið efni. Persónusköpun hans er líka með því móti að oft og tíðum er erfitt að greina hvort um manneskju eða goðsagnaveru er að ræða eða bara eitthvað allt annað. Ummyndanir koma þar mikið við sögu og þær eru teknar til umfjöllunar í ritgerðinni. Annar þáttur sem litið er til í þessum þremur skáldsögum Sjóns eru kvenpersónur eða öllu heldur birtingarmynd kvenna eða hins kvenlega. Hlutverk þeirra virðist í fyrstu ekki mikið og kvenpersónurnar eru fáar en annað kemur í ljós þegar betur er að gáð.

Í ritgerðinni er einkum hugað að persónusköpun í ljósi goðsagna af ýmsu tagi og sjónum beint að birtingarmyndum kynjanna og einkum hins kvenlega. Byggingin er með því móti að fyrst eru helstu hugtök og aðferðir kynnt til sögunnar og síðan fjallað um hverja sögu fyrir sig. Að lokum eru ályktanir dregnar af könnuninni á lýsingu persóna, ummyndana og kynja í þessum þremur sögum Sjóns. Auk persónulýsinga og goðsagna er vikið að sögulegum þáttum í tengslum við skáldverkin, enda eiga þau öll rætur í hugmyndaheimi og veruleika 20. aldarinnar í Evrópu og á Íslandi, þó að reyndar berist leikurinn víðar um völl þessa heims og annars. Hin flókna og samsetta heimssýn Sjóns er undir áhrifum frá súrrealisma og til að skýra persónusköpun hans verður gerð nokkur grein fyrir einkennum þeirrar listastefnu, enda er súrrealismi meðal þess sem fjallað er um í upphafskafla ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 6 |
| 1. Helstu hugtök og aðferðir | 7 |
| 1.1 Persónulýsingar | 7 |
| 1.2 Goðsagnir | 8 |
| 1.3 Kynjafræði..... | 11 |
| 1.4 Ummyndanir..... | 12 |
| 1.5 Súrrealismi | 14 |
| 2. <i>Augu þín sáu mig</i> og <i>Með titrandi tár</i> | 15 |
| 2.1 Marie-Sophie..... | 15 |
| 2.2 Leó Löwe..... | 16 |
| 2.3 Góleminn – Jósef Löwe | 17 |
| 2.4 Aukapersónur | 17 |
| 2.5 Birtingarmynd kvenna..... | 19 |
| 3. <i>Argóarflísin</i> | 21 |
| 3.1 Valdimar Haraldsson..... | 23 |
| 3.2 Keneifur..... | 25 |
| 3.3 Aukapersónur | 26 |
| 3.4 Birtingarmynd kvenna..... | 26 |
| 4. Samanburður og ályktanir..... | 29 |
| 4.1 <i>Augu þín sáu mig</i> , <i>Með titrandi tár</i> og <i>Argóarflísin</i> | 29 |
| 4.2 Aðalpersónur | 31 |
| 4.3 Aukapersónur | 32 |
| 4.4 Birtingarmynd kvenna..... | 32 |
| 5. Lokaorð..... | 33 |
| Heimildaskrá..... | 35 |

Inngangur

Sjón, Sigurjón Birgir Sigurðsson er fæddur í Reykjavík 27. ágúst 1962. Fimmtán ára gamall gaf hann út sína fyrstu ljóðabók, *Sýnir*. Sjón vakti þá þegar athygli fyrir að yrkja undir áhrifum súrrealista en fá íslensk ljóðskáld höfðu fram að því reynt að fylgja þeirri stefnu af einhverri alvöru. Árið 1979 stofnaði Sjón ásamt fleirum listamannahópinum *Medúsu* sem starfaði í anda súrrealisma. Hópurinn stóð að ýmsum uppákomum, myndlistarsýningum og gaf út nokkur verk.

Skáldsögur Sjóns eru nú orðnar sjö talsins og ljóðabækurnar þrettán en hann hefur einnig skrifað leikrit og sögur fyrir börn og tekið þátt í myndlistarsýningum og tónlistarviðburðum af ýmsum toga. Ljóð Sjóns hafa verið þýdd á fjölda tungumála sem og skáldsögurnar *Augu þín sáu mig* og *Skugga-Baldur*. Fyrir síðastnefnda verkið hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005.

Í þessari ritgerð verður fjallað um þrjár skáldsögur eftir Sjón og helgast valið af því að þær eru allar tilbrigið við ákveðið stef eins og brátt verður rakið. Þetta eru sögurnar *Augu þín sáu mig – ástarsaga* og *Með titrandi tár – glæpasaga* sem komu út 1994 og 2001. Þær eru tvö verk í fyrirhuguðum þrileik Sjóns, en lokaverkið hefur ekki enn litið dagsins ljós. Þriðja sagan sem hér verður fjallað um er *Argóarflísín – goðsaga um Jason og Keneif* sem kom út 2005.

Þessar þrjár skáldsögur kalla fram margar spurningar í huga lesandans og áleitnust þeirra er kannski sú sem má einfaldlega orða svo: Hvað er það að vera maður? Ljóst er að manneskjan, mennskan og mörk hennar eru höfundu afar hugleikið efni. Persónusköpun höfundar er líka með því móti að oft og tíðum er erfitt að greina hvort um manneskju eða goðsagnaveru er að ræða eða bara eitthvað allt annað. Margar persónur sagnanna þriggja eru þeim eiginleikum gæddar að geta brugðið sér í allra kvikinda líki, líkt og við nútímafólk þekkjum best úr sögum af ofurhetjum teiknimyndanna. Karlar geta breyst í konur, konur í karla, fólk í dýr og þegar lesandinn hefur náð tökum á söguþræðinum er ekkert sem kemur lengur á óvart varðandi ummyndanir persónanna. Þær verða eðlilegar og áreynslulausar.

Annar þáttur sem vert er að líta til í þessum þremur skáldsögum Sjóns eru kvenpersónur eða öllu heldur birtingarmynd kvenna eða hins kvenlega. Hlutverk þeirra virðist í fyrstu ekki mikið og kvenpersónurnar eru fáar en annað kemur í ljós þegar betur er að gáð og þá er einnig athyglisvert að skoða þátt kynja og tákna í sögunum með hliðsjón af kenningum í kynjafræði.

Í ritgerðinni verður því einkum hugað að persónusköpun í ljósi goðsagna af ýmsu tagi og sjónum beint að birtingarmyndum kynjanna og einkum hins kvenlega. Byggingin er með því

móti að fyrst verða helstu hugtök og aðferðir kynnt til sögunnar og síðan fjallað um hverja sögu fyrir sig. Að lokum verða ályktanir dregnar af könnuninni á lýsingu persóna, ummyndana og kynja í þessum þremur sögum Sjóns. Auk persónulýsinga og goðsagna verður vikið að sögulegum þáttum í tengslum við skáldverkin, enda eiga þau öll rætur í hugmyndaheimi og veruleika 20. aldarinnar í Evrópu og á Íslandi, þó að reyndar berist leikurinn víðar um völl þessa heims og annars. Hin flókna og samsetta heimssýn Sjóns er undir áhrifum frá súrrealisma og til að skýra persónusköpun hans verður að gera nokkra grein fyrir einkennum þeirrar listastefnu, enda er súrrealismi meðal þess sem fjallað er um í upphafskafla ritgerðarinnar.

1. Helstu hugtök og aðferðir

1.1 Persónulýsingar

Flestar frásagnir fela í sér einhvers konar mannlýsingar eða persónusköpun. Höfundar geta beitt ýmsum aðferðum við slíkar lýsingar, en þær helstu eru annars vegar beinar og hins vegar óbeinar lýsingar.¹ Fyrri aðferðin felst í því að höfundur eða sögumaður lýsir persónum beint, þ.e. ytra útliti þeirra, atgervi, hátterni og jafnvel innræti þannig að í þeim felist siðferðilegur dómur. Óbeinar lýsingar geta verið með ýmsu móti, oftast í hlutlægrri frásögn. Persónulýsingin felst þá í framkomu og hegðun persónanna, orðum og athöfnum, misræmi eða samræmi milli þess sem persónan segir og gerir. Hins vegar geta óbeinar persónulýsingar falist í viðhorfi og umsögn annarra um persónurnar og einnig í því hvernig ytri atburðir eða hughrif orka á hana.

Munurinn á beinum og óbeinum persónulýsingum er sá að þær beinu eru yfirleitt settar fram sem staðreyndir en af þeim óbeinu getur lesandinn dregið sínar eigin ályktanir og skoðanir sem hafa þó hvergi komið fram með beinum orðum. Þessum aðferðum er gjarnan blandað saman, t.d. með því að lýsa útliti með beinum hætti en lundarfari með óbeinum hætti.

Við persónusköpun og lýsingar er oft greint á milli flatra og marghliða persóna (*e. flat vs. round character*). Flatar persónur eru einhliða og ekki flóknar og oftast en ekki fulltrúar einhverra ákveðinna gilda. Marghliða persónur eru flóknar og má líkja þeim við vel skreytt jólatré sem hægt er að ganga hringinn í kring um og ævinlega koma auga á eitthvað nýtt. Eins og þegar hefur verið nefnt eru nán tengsl á milli persónusköpunar og goðsagna í þeim þremur sögum Sjóns sem

¹ Sjá *Tekstens mønstre* eftir Ásfrid Svendsen, 9. kafla, bls. 129-154.

hér verða kannaðar. Persónurnar eru bæði flóknar og einhliða, persónulýsingar bæði beinar og óbeinar, en það sem tengir þær við goðsögur er hversu skýrt þær standa fyrir gildi sín, líkt og goðsagnapersónur. Goðsagnapersónur stóðu allar fyrir ákveðin gildi og eiga sér hliðstæður í grískri og norrænni goðafræði og að því leyti eru guðirnir Seifur og Hera sambærileg Óðni og Frigg. Til að öðlast skilning á þessum þremur sögum Sjóns er rétt að líta til goðsagna almennt, en einnig til tveggja goðsagna sem koma mikið við sögu í áður nefndum skáldverkum. Annars vegar er þar um að ræða gyðinglegu söguna um *góleminn* og hins vegar grísku sögnina af *gullna reyfinu*.

1.2 Goðsagnir

Í aldanna rás hafa goðsagnir heillað menn og hafa bæði fræðimenn og heimspekingar gert tilraunir til að útskýra hið mikla aðdráttarafl þeirra.² Helsta skýringin á þessu mikla aðdráttarafli goðsagnanna er talin vera sú að í goðsögum megi finna samhljóm við eiginleika mannsins. Sigmund Freud, sálgreinandi, túlkaði grísku goðsögnina um Ödipus á þann veg að þegar hetjan banar föður sínum óafvitandi og kvænist móður sinni lýsi það ómeðvituðum tilfinningum ungra karlmanna til foreldra sinna. Carl Gustav Jung, svissneskur sálgreinandi og lærisveinn Freuds, setti einnig fram kenningu um aðdráttarafl goðsagnanna. Hann taldi að vinsældir goðsagna ættu rætur sínar að rekja til þess að helstu persónur goðsagnanna væru fulltrúar frumstæðra „erkitýpa“ og nefndi sem dæmi *gamla vitringinn* og *móðurina* sem hefðu frá upphafi markað djúp spor í mannsálina. Slík frumminni væru sameiginleg öllum mönnum og ekki bundin við persónulega reynslu hvers og eins.

Algeng skilgreining á goðsögum er að þær séu arfsagnir sem lýsa yfirnáttúrulegum öflum eða verum og leitast við að skýra náttúrufyrirbæri eða mannlega breytni í ljósi þeirra. Skilin á milli goðsögu og þjóðsögu geta oft og tíðum verið óskýr, en þó er talið að þessar tvær tegundir frásagna eigi ýmislegt sameiginlegt þar með talið að báðar eru afsprengi sameiginlegrar sagnahefðar og einnig að þessar sögur eiga sér ekki ákveðinn höfund. Goðsagnir geta falið í sér skýringar á uppruna heimsins og mannlegu samfélagi og menningu þess. Umfjöllunarefni

² Sjá umfjöllun Roy Willis í bókinni *Goðsagnir heimsins*, bls. 6-16.

goðsagna eru öllum mönnum sameiginleg og auðþekkjanleg sama hversu ólíkum menningarheimum þeir koma frá. Tilurð goðsagna er rannsóknarefni mannfræðinga og þjóðfræðinga á okkar tímum. Niðurstöður rannsókna þeirra gera það að verkum að menn líta goðsagnir ekki á sama hátt og tíðkaðist fyrr á tímum þegar goðsögur voru álitnar frumstæðar hliðstæður prentaðra texta. Goðsögur segja frá sammanlegum hefðum, óháð stéttarskiptingu og yfirvaldi og snerta á þann hátt dýpstu strengi mannsálarinnar og leika á áheyrendur og lesendur í stað þess að þröngva sér upp á þá og þar má segja að hundurinn liggi grafinn varðandi hið almenna og stöðuga aðdráttarafl goðsagnanna.

Gyðingalega sögnin um *góleminn* á rætur sínar að rekja aftur til sextánda aldar þegar bera fór á ofsóknum í garð gyðinga.³ Sagan segir frá gyðingnum Rabbi Bezalel sem kvöld eitt verður vitni að því að menn henda barnslíki á götu þar sem gyðingar búa. Bezalel einsetur sér frá og með þeirri stundu að sonur hans verði nokkurs konar leiðtogi gyðinga og elur hann upp sem slíkan. Sonurinn fékk nafnið Rabbi Loew þegar hann var valinn til að gegna forystuhlutverki í samfélagi gyðinga í Prag. Hann var mikill lærdómsmaður, tungumálakunnátta hans vakti athygli og hann var vel að sér í heilagri ritningu. Kvöld eitt verður hann fyrir vitrun þegar himnarnir opnast og til hans er talað. Dularfull rödd segir honum að skapa veru til verndar gyðingum, en til að skapa veruna þurfi hann vatn, loft, jörð og eld. Rabbi Loew fylgir skipun raddarinnar og samkvæmt ákveðnum helgisiðum skapar hann *góleminn*.

Góleminn er skilgreindur sem ímynd eða form, yfirleitt einhvers konar leirmynd sem gefið er líf. Í þessum skilningi mætti þvíætla að Adam hefði verið fyrsti *góleminn*. Helgir menn voru sumir sagðir hafa hæfileika til að vekja upp dautt efni með særingum, mögnuðu rituðu orði eða öðrum helgiathöfnum og voru slíkir *gólemar* frekar vitgrannir, vélrænir eða tröllslegir. Þeim voru oft fengin tiltekin verkefni, svo sem að vernda skapara sína og hlýddu þeir skipunum meistara sinna hugsunarlaust. Ætla má að *gólem* sé einskonar gervimaður sem var mótaður úr leir og lífgaður við með tungumáli, bókstöfum og orðum. Frásagnir af *góleminum* gefa til kynna að hann sé ókláraður frekar en ómennskur en samkvæmt gyðingalegri dulhyggju eða Kabbalah⁴

3 Í umfjöllun minni um *góleminn* styðst ég einkum við grein Úlfhildar Dagsdóttur, „Augu þín sáu mig eftir Sjón“, sem birtist í *Heimi skáldsögunnar* 2001, bls. 314-328, og bók D.S. Ashliman (1999), *The Golem: A Jewish Tradition*.

4 Kabbalah: merking orðsins er samnefni fyrir dulspekihefð Gyðinga, og merkir í víðum skilningi þekking og ástundun, sbr. Byzant (1999): *An Introduction to the Kabbalah*.

er heimurinn skapaður úr tuttugu og tveimur bókstöfum úr hebreska stafrófinu. Sagan af góleminum er athyglisverð sköpunarsaga sem lýsir einnig sköpunarferli sjálfsmyndar og er þá einhvers konar táknmynd sjálfsköpunar. Vikið verður nánar að sögninni um góleminn í umfjöllun um sögurnar *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*.

Þrátt fyrir að ekki sé um að ræða sköpunarsögu sjálfsmyndar í goðsögunni af *gullna reyfinu*⁵ er engu að síður sköpunarsaga á ferðinni og saga af upphafi heimsins. Sagan flokkast til grískra goðsagna og segir frá dirfskuför Jasons á skipinu Argó, í leit að gullna reyfinu. Gullna reyfið er af töfrahrúti sem Hermes hafði sent til að hjálpa Frixusi og Helli þegar Ínó stjúpmóðir þeirra ógnaði lífi þeirra. Þau flýðu á hrútnum en Hella datt af baki og drukknaði á þeim stað er síðan er nefndur Hellusund (*Hellespont*). Frixus hélt för sinni áfram og komst til Kolkis við austanvert Svartahaf þar sem hann fórnaði hrútnum Seifi til dýrðar og gaf Ajots konungi landsins hið gullna reyfi enda hafði hann tekið vel á móti honum. Ajots geymdi reyfið undir vökulu auga dreka sem aldrei svaf. Aþena dóttir Seifs hafði lagt fjöl af spátré föður síns í fleyið Argó, og varð sú fjöl leiðsegjari í för Jasons og Argóarfara.

Stafnsfjölin ráðleggur áhöfn Argó að halda áfram en Jason heyrir ekki skynsemisrödd skipsins og heldur með skip sitt og áhöfn áleiðis til Lemneyjar. Þegar áhöfn Argó stígur þar á land kemur fljótlega í ljós að á eyjunni búa aðeins konur, en ástargyðjan Afródíta hafði lagt á þær álög. Málin þróast þannig að Argóarförunum er boðið að dveljast á Lemney í nokkra mánuði til að fjölga íbúum í eyinni.

Tíu mánuðum síðar heldur Argó för sinn áfram og ná skipverjar loks til Kolkis, lands gullna reyfisins. Þegar þangað er komið þarf Jason að leysa nokkrar þrautir áður en Ajots konungur getur afhent honum gullna reyfið.

Goðin lögðu á ráðin um að Medea konungsdóttir yrði ástfangin af Jasoni og gaf hún honum töfradrykk svo hann gæti leyst þrautirnar sem fyrir hann voru lagðar. Gekk það allt saman eftir, Jason leysti þrautirnar og Argó hélt heim á leið. Margar sögur eru til um hina löngu leið heim til Jolkos og minna margar sögurnar á Ódysseifskviðu.

Jason lét smíða Argó til fararinnar og í sumum heimildum kemur fram að það sé fyrsta skipið sem smíðað var í veröldinni. Meðal Argóarfara voru margar helstu sagnahetjur grískra goðsagna: Herakles, hetja allra hetja, Atalanta veiðimey, sem jafnframt var eina konan í áhöfninni, Argus, skipasmiðurinn sem smíðaði skipið en alls voru Argóarfaraþeir um fimmtú

5 *Goðsagnir heimsins*, bls. 154.

talsins. Athyglisvert er að tekið er sérstaklega fram að Atalanta, veiðimey, hafi verið með í för og jafnframt að hún hafi verið eina konan. Það sýnir að ef til vill þótti það ekki sjálfsagt á þessum tíma að konur legðu í slíka dirfskuför en það er eitt sem ekki breytist og það er að ávallt verða kynin tvö, sem og þau eru þá eiga þau það sameiginlegt að vera kyn. Hvers kyns er svo annað mál og til þess að dýpka skilning á því er gagnlegt að líta til *kynjafræðinnar*.

1.3 Kynjafræði

Kynjafræði fjallar ekki endilega alltaf um mismun kynjanna og togstreituna sem skapast hefur á milli kynjanna, þ.e. karla og kvenna, heldur getur verið fróðlegt að líta á kyn sem breytu, mikilvægi hennar og hvernig hún fléttast saman við aðrar mismundandi breytur í samfélaginu s.s. stétt, stöðu, uppruna, hörundslit, aldur, kynhneigð, búsetu og fleira í þá áttina. Hugtakið kynjafræði er notað sem þýðing á enska hugtakinu *Gender Studies*.⁶ Rannsóknir á sviði kynjafræða beinast að útilokunar- og jöðrunarháttum vestrænnar menningar. Litið er á hvernig mismunur, sem er í eðli sínu hlutlaus, öðlast merkingu og leggur grunninn að tvenndarkerfinu sem upphafur annan pól tvenndarinnar á kostnað hins út frá hugmyndum sem lýsa má sem miðju og jaðri. Þessi formgerð virkar sem náttúruleg innan menningar okkar.

Rannsóknir á menningarlegum mismun beinist að þremur þáttum: kynferði, stétt og kynþætti. Aðgreining þessara þriggja þátta myndar undirstöðu sjálfsmýnda innan menningarinnar. Í miðju menningarinnar stendur hvítur karlmaður. Á níunda áratugnum má segja að fjórði þátturinn hafi bæst við þar sem fengist er við að lýsa því hvernig útilokunar- og jöðrunarhættir vestrænnar menningar byggja jafnframt á kynhneigð. Slíkar rannsóknir hafa jafnan verið þverfaglegar og beinst í senn að bókmenntum sem og öðrum sviðum menningar. Kynjafræði hafa þannig orðið mikilvægur þáttur í menningarfræðum síðustu ára.

Innan bókmenntafræðinnar hefur því orðið til hugtak sem nefnt er *kvennabókmenntir*⁷ en algengast er að orðið sé notað um bókmenntir eftir konur og um konur, án þess að það sé afmarkað frekar, eða um bókmenntir sem komið hafa fram í tengslum við kvenfrelshreyfinguna nýju, um bækur sem eru eftir konur og fjalla um hlutverk og stöðu kvenna á meðvitaðan og

6 Ég byggji umfjöllun mína um kynjafræði einkum á tveimur greinum sem birtust í *Ritinu* 2/2002. Hin fyrri er eftir Elaine Showalter og nefnist í íslenskri þýðingu „Femínísk gagnrýni í auðninni“ og hin síðari er eftir Judith Butler og ber heitið „Monique Wittig. Upplausn líkamans og uppspunnið kyn“.

7 *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 152.

gagnrýninn hátt. Kvennabókmenntir eru í andstöðumerkingu við bókmenntir eftir karla. Femínískri bókmenntaumfjöllun er gjarnan skipt í þrjú skeið. Fyrst snerist umræðan aðallega um að *gagnrýna karlabókmenntir* á þeim forsendum að þær útilokuðu reynsluheim kvenna. Síðan beindist umræðan meira að *kvenkyns rithöfundum* og þriðja skeiðið hefur einkennst af umfjöllun um *kyn og tákni* í bókmenntum. Þetta leiðir hugann að kynjamun, en hann er að verki í allri menningu og samfélögum. Talað er um að hið karllega sé normið hjá þeim sem ráða, það kvenlega sé það sem er afbrigðilegt.⁸ Femínistar halda því fram að hlutskipti kynjanna séu á þann veg að konan sé skilgreind sem hið annarlega en karlinn hið eðlilega. „Þessi tvíhyggja er framsetning karlaveldisins sem femínisminn hefur kappkostað að afhjúpa.“⁹ Því mætti halda að þar sem karlinn standi fyrir hið algilda en konan fyrir frávik, sé konur kyn, karlar ekki. Kyn konunnar sé notað til að greina hana frá norminu, og viðhalda kúgun kvenna. Er þá til sérstök karlamenning og karlabókmenntir og er það mótvægi við rómuðum kerlingabókum? Flestar tegundir femínista ganga út frá því að til sé „karlaveldi“ sem sé grundvallarkúgunarvald í mannlegu samfélagi og karlaveldið kúgi konur og aðra hópa sem minna mega sín.

1.4 Ummyndanir

Ummyndanir koma víða við sögu í gömlum goðsögnum og virðast endurspegla aðra heimsmynd en þá sem við erum vön, eins og Kristján Árnason bendir á: „Metamorphoses eða ummyndanir heitir eftir því sem margar sögur fara af í fornöld, er mörkin milli guða, manna, dýra, jurta og hinnar líflausu náttúru virðast ekki hafa verið eins skýrt dregin og þau eru nú, að maður eða vættur gat þá minnst varði brugðið ham og orðið að dýri eða steini, jurt, fljóti, stjörnu eða einhverju öðru.“¹⁰

Sögurnar þrjár eiga það sameiginlegt að í þeim á sér stað einhvers konar umbreyting á persónunum. Eins og sagði í upphafi fer ekki framhjá lesandanum að mennskan og mörk hennar eru höfundinum hugleikin og hugmyndir hans sýna fram á að heimurinn sé ekki einn eða einsleitur heldur eru til hjáheimar og hliðarheimar. Svo virðist vera að hugmyndin sé sú að allt sem lifir eigi sér einhvers konar framhaldslíf, þ.e. ekkert verður að engu.

8 Jón Yngvi Jóhannsson, „Að loknu gullæði, um þrjár íslenskar karlasögur“, sem birtist í *Skírni* 1997 (vor).

9 Kolbrún Bergþórsdóttir, „Viðtal við Guðmund Andra Thorsson.“ *Mímir*, 40/31. árg. (1992), bls.10.

10 Kristján Árnason, Inngangur að *Ummyndunum*, bls. 15.

Myndbreytingarhugmyndir árétta iðulega að heimurinn er ekki fastur og óbreytanlegur heldur opinn og undirorpinn sífelldum breytingum. Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* eiga ummyndanir sér aðallega stað í hliðarsögunum, þ.e. í frásögninni af Gabríel erkiengli, sem uppgötvar undir lokin að hann hefur breyst í smámeyna Gabríelu. Sagan af englinum Túbal endar á því að hann fæðir Eilíf og systur hans, sem voru tröll. Þar með hefur karlkyns vera alið afkvæmi sem að auki eru tröll. Það er óhugsandi, enn sem komið er, í jarðnesku lífi að karlmenn ali börn en allt getur gerst í sögum og ævintýrum. Hér er dæmi um fantasíu karlmannna eða karlskálda að karlmaður geti skapað líf og fætt börn.¹¹

Þegar rýnt er í hugtakið ummyndun er margt sem kemur upp í hugann. Ummyndanir eru allt í kringum okkur og eiga sér stað öllum stundum alls staðar. Það má t.d. gera sér í hugarlund að það sé ummyndun þegar sæðisfruma verður að barni, þegar líkami móður ummyndast á meðgöngu og verður svo aftur samur að henni lokinni eða þegar ólögulegur unglíngur verður að gjafvaxta ungmenni. Þessari upptalningu mætti halda lengi áfram en sýnir okkur að ummyndanir eiga sér stað í umhverfi okkar hvort sem við verður vör við þær eða ekki. Ummyndanir geta líka verið á þann veg að vera áreynslulausar meðan aðrar krefjast mikilla átaka. Það eru helst þær átakmeiri sem gefa tilefni til að um þær sér ritað eða ort.

Í þessu sambandi má vitna til bókar Marinu Warner, *Fantastic Metamorphoses, Other Worlds* (2001), en hún varpar ljósi á ummyndanir og merkingu hugtaksins. Marina Warner skiptir ummyndunum í fjóra flokka: **breytingar** (*mutating*) sem er sá flokkur sem almennar ummyndanir myndu falla undir, **klak** (*hatching*) er sá flokkur þar sem egg koma við sögu, þ.e. fyrirbæri sem klekjast úr eggi, t.d. fuglar eða skordýr, **klofning** (*splitting*) er þegar sál fer að vinna gegn líkamanum eða öfugt og aðeins annað lifir áfram og að lokum **tvöföldun** (*doubling*) en það er sá flokkur sem hefur tvennt af hverju eða tvífara. Af ofantöldu má sjá að flest verk Sjóns er hægt staðsetja í öllum þessum flokkum og ljóst er að tenging verka hans við náttúruna eru mikil, sbr. að í *Skugga-Baldri* breytist maður í tófu og í *Stálnótt* klekjast verur úr eggjum. Sögurnar sem fjallað er um í þessari ritgerð falla einkar vel að þessum flokkum eins og vikið verður að síðar.

¹¹ Margaret Clunies Ross, *Prolonged Echoes*, bls. 144-186.

1.5 Súrrealismi

Eins og áður er nefnt varð Sjón ungur fyrir miklum áhrifum frá súrrealisma og þar sem persónulýsingar þeirra sagna sem hér verða kannaðar bera einnig vott um áhrif frá þeirri listastefnu er ástæða til að fara um hana nokkrum orðum áður er lengra er haldið.

Súrrealismi er upprunninn í Frakklandi í kringum 1920. Orðið *surrealisme* er komið úr frönsku og merkir ‘ofurveruleiki’.¹² Meginaðferð súrrealista felst í svonefndu *automation* en það þýðir að flæði hugsana og orða er veitt framrás án inngríps vitsmunanna. Súrrealistar vildu aflétta bælingu vitmunalífsins á hvötum og kenndum, afmá mörkin milli draums og vöku, ímyndunar og veruleika, hlutlægs og huglægs og taka þannig upp svokallaðan „ofurveruleika“. Þannig vildu súrrealistar víkka skynheim og sjóndeildarhring manna og losa þá undan vanabundnum hugsunarháttum og niðurkoðnaðs sálarlífs. Súrrealistar vildu líkt og móðernistar komast nær kjarna hlutanna en gerlegt var með aðferðum raunsæis, sem að þeirra mati lýsti aðeins yfirborði fyrirbæranna. Til að svo mætti verða könnuðu súrrealistar dulvitundina, órökleg hugsanatengsl, leyndar óskir, þrár, drauma og hvatir sem hugur mannsins býr yfir en samfélagið bælir. Að mati súrrealista stuðlar framdráttur þessara hvata að því að frelsa mannshugann, losa einstaklinginn úr viðjum hefðbundinna trúarlegra, siðferðislegra, félagslegra og fagurfræðilegra viðhorfa. „Súrrealisminn er ekki skáldskaparform. Hann er hróp andans sem snýr sér að sjálfum sér og er staðaráðinn í að mylja hlekki sína í örvæntingu, og það með alvöru hömrum, ef nauðsyn krefur.“¹³

Súrrealismi gerði snemma vart við sig á Íslandi og í kvæði Halldórs Laxness, Unglingurinn í skóginum, 1925, má sjá sterk áhrif súrrealisma. Af þessu ofantöldu má sjá að þeir listamenn sem kenna sig við súrrealisma eiga það sameiginlegt að vera líkt og fram kemur í skáldsögum Sjóns áhugasamir um manneskjuna. Það er því ljóst að ljóð, skáldsögur og leikrit sem flokkast til súrrealisma fjalla oft en ekki um hugarheim manneskjunnar og því mætti ætla að persónusköpun væri þungamiðja þeirra verka.

Súrrealisminn í sögum Sjóns er áberandi og birtingarmynd hans er á þann veg að draumar og veruleiki renna oft á tíðum saman í eitt og óheft hugmyndatengsl verða lesandanum næstum áþreifanleg. Sjónarhorn sagnanna breytist ört og veruleikinn birtist í dulvitund sögupersónanna.

12 Í umfjöllun minni um súrrealismann styðst ég einkum við *Yfirlýsingar* í ritstjórn Benedikts Hjartarsonar (2001).

13 Benedikt Hjartarson (ritstj.), *Yfirlýsingar* (2001), bls. 450.

Draumkenndur frásagnastíll skerpur allar myndir og gerir líf sögupersónanna raunverulegra. Það hvernig Sjón leiðir súrrealísk áhrif saman við heim ummyndananna sýnir hversu vel þessi hugtök falla hvort að öðru og segja má að þau geti ekki án hvors annars verið. Ummyndanirnar minna um margt á þær draumkenndu fantasíur sem súrrealistar mátu svo mikils.

2. Augu þín sáu mig og Með titrandi tár

Augu þín sáu mig – ástarsaga er þriðja skáldsaga Sjóns. Sagan gerist í smábænum Kükenstadt í Neðra-Saxlandi á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Í sögunni fylgjumst við með þjónustustúlkunni Marie-Sophie og gyðingnum og flóttamanninum Leó Löwe. Þá er einnig sögð saga Gabriels erkiengils, heimsendabraski hans lýst og baráttunni við Lúsífer. Sögumaðurinn er gólem sem í raun lýsir sköpunarsögu sinni um leið og hann segir sögu Marie-Sophie og Leó Löwe, sem hann talar um sem foreldra sína.

Með titrandi tár – glæpasaga er sjálfstætt framhald *Augu þín sáu mig*. Sagan berst nú til Reykjavíkur eftirstríðsáranna. Við fylgjumst með Leó Löwe og þeim hrakningum og ævintýrum sem hann lendir í við að koma sér fyrir í Reykjavík og ljúka sköpunarferli gólemsins. Gabriel erkiengill er enn til staðar og barátta hans við Lúsífer heldur áfram. Sögunni lýkur svo á fæðingardegi gólemsins, 27. ágúst 1962.

2.1 Marie-Sophie

Í upphafi kynnumst við Marie-Sophie, annarri af aðalpersónunum í fyrstu sögunni, *Augu þín sáu mig*. Marie-Sophie er ung, skemmtileg og lífleg þjónustustúlka á gistiheimili bæjarins þar sem sagan gerist að mestu leyti. Persónulýsing Marie-Sophie er ekki bein heldur kynnist lesandinn henni af gjörðum hennar og háttalagi eftir því sem sögunni vindur fram. Hún er óþolinmóð, jákvæð, saklaus og hrein í upphafi, laus við græsku, húsbóndaholl sem sýnir sig vel þegar hún gætir vesalingsins (Leó Löwe) gegn sinni betri vitund, en hún veit að það er ekki sæmandi að ung og lofuð stúlka sitji næturlangt yfir öðrum karlmanni. Af þessari upptalningu má draga þá ályktun að Marie-Sophie sé tákngervingur hins hreina, góða og að auki megi greina í henni ímynd móðurinnar. „Hana langaði að taka barnið upp, tafarlaust, og þrýsta því að barmi sínum. Hún vildi faðma þennan dökka son sinn að sér, vagga honum ljúft, á meðan hún bíaði lágt og traustvekjandi eitthvað af þeirri ástríku vitleysu sem yllurinn af ómálga barni kallar fram á varir

okkar“.¹⁴ Hún er trúnaðarvinur og mótleikari Leó Löwe, sú persóna sem hrindir atburðarásinni af stað, heldur henni gangandi og hefur áhrif á söguna með þátttöku sinni í sköpun gólemsins. Á meðan vesalingurinn nær sínu fyrra þreki segir Marie-Sophie honum sögur, styttir þeim þannig báðum stundir og af þeim sögum sem hún segir má ráða að stúlka þessi sé bæði málglöð og fróð. Persóna Marie-Sophie ber með sér æskuljóma, ferskan blæ náttúrunnar og segja má að persónulýsing hennar falli undir hina klassísku kvenímynd bókmenntanna. Hún er verðugur fulltrúi þeirra gilda sem hún stendur fyrir, hefur það ákveðna hlutverk að gefa góleminum líf og hverfur af söguviðinu þegar því er lokið. Persóna Marie-Sophie er flöt, einhliða og ekki flókin.

2.2 Leó Löwe

Leó Löwe er hin aðalpersónan í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Persóna Leó er flókin og marghliða og beinar persónulýsingar Marie-Sophie í upphafi sögunnar verða til þess að lesandinn verður honum eftirleiðis hliðhollur. Í fyrsta lagi kallar Marie-Sophie Leó aldrei annað en vesalinginn og lýsir honum sem horuðum, slöppum og visnum og ekki mikið ásjálegum. Þar sem hann er flóttamaður má draga þá ályktun að hér sé á ferðinni maður með fortíð og sú vitneskja rekur lesandann áfram, forvitnin um það hvaðan vesalingurinn kemur, hver saga hans er og hvar hún endi. Eftir því sem líður á söguna vex honum hins vegar ásmegin, um leið og Marie-Sophie er úr sögunni og hætt að hamra á hversu vesæll hann er. Lesandinn áttar sig þá á því að hér er á ferðinni sterkur persónuleiki, bæði gyðingur og gullgerðarmaður sem hefur einlægan ásetning en það er sköpun og velferð gólemsins. Óhætt er að segja að þessi ásetningur Leó sé hrífandi og leiðir hugann að hinum „mjúka manni“ sem tíðrætt hefur verið um hin síðari ár í heimi bókmenntanna.¹⁵ Persóna Leó Löwe tekur á sig aukamerkingu í sögunni og verður þannig táknrænn. Saga gyðinga fylgir honum hvert fótímál, enda hefur hann stöðu útlendingis og aðkomumanns og er þar af leiðandi utanveltu í þeim samfélögum sem hann hefur viðkomu í. Um leið er hann fulltrúi sögulegra átaka, þ.e. bæði síðari heimsstyrjöldin og kalda stríðið koma við sögu og hafa áhrif á lífshlaup hans.

14 Sjón, *Augu þín sáu þig*, bls. 207.

15 Jón Yngvi Jóhannsson, „Að loknu gullæði“, bls. 216.

2.3 Góleminn – Jósef Löwe

„Ég heiti Jósef Löwe, ég er úr leir.“¹⁶

Góleminn er fyrstu persónu sögumaður í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Hann er alvitur og veit um fortíð, nútíð og framtíð sögupersóna og virðist vitneskju hans engin takmörk sett. Hann ríkir yfir sviði sögunnar líkt og guð og getur séð inn í hugarheim allra persónanna.¹⁷ Hann lýsir sinni eigin sköpunarsögu allt frá því þegar hann er leirklumpur í hattöskju föður síns, Leó Löwe þar til hann stendur fullskapaður sem Jósef Löwe 26. ágúst 1962. Vissulega má setja góleminn í flokk með aðalsögupersónum sagnanna en einhvern veginn er hann ekki jafn áberandi og Marie-Sophie og Leó Löwe þrátt fyrir að sögunnar snúist um hann og því hægt að flokka hann sem sögumann sem tekur nær engan þátt í atburðunum sjálfur heldur er einungis vitni. Að sumu leyti má því líkja nærveru gólemsins við meðgöngu, þar sem allt snýst um hið ófædda barn sem hvorki er enn sjáanlegt né áþreifanlegt en nærvera þess samt svo mikil. Ef eitthvað skal segja um góleminn mætti segja að hann væri flókin og marghliða persóna því lesandi kynnist honum smátt og smátt, en engar beinar persónulýsingar eru gefnar á honum. Ef við gefum okkur að sögumaður sé aðalpersóna hverrar skáldsögu má leiða hugann að því hvort góleminn sé málþípa höfundar, þar sem hann kemur hugmyndafræðilegum sjónarmiðum sínum á framfæri.

2.4 Aukapersónur

Í *Augu þín sáu mig* er aragrúi af skrautlegum aukapersónum sem virðast hvorki koma fyrir af tilviljun né handahófi. Líklegast má þó nefna eina persónu sem stendur upp úr og það er Karl Maus sem er unnusti Marie-Sophie. Hann er ungur eldhugi, heilapveginn af hugmyndum nasista sem líkar það engan veginn þegar unnusta hans annast veikburða gyðing. Hann fremur þann verknað sem segja má að hafi mikil áhrif bæði fyrir Marie-Sophie sem og framvindu sögunnar, er hann nauðgar Marie-Sophie sem verður til þess að hún leitar huggunar hjá Leó Löwe og í framhaldi af því tekur hún þátt í sköpun gólemsins.

Eins og fyrr sagði fylgjumst við áfram með baráttu Leó Löwe við sköpun Gólemsins í *Með titrandi tár*. Leó er kominn til Íslands og nýtur nú ekki lengur aðstoðar hinnar geðþekku

¹⁶ Sjón, *Með titrandi tár*, bls. 24.

¹⁷ Ásfrid Svensen, *Tekstens múnstre*, 7. kafli, bls. 101-116.

Marie-Sophie og veit lesandinn ekkert um afdrif hennar. Leó er þrátt fyrir það ekki á flæðiskeri staddur með aðstoðarmenn og segja má að þeir standi fyrir hin ýmsu gildi þjóðfélagsins á þessum tíma, þ.e. eftirstríðsáranna og upphaf kalda stríðsins. Leó kemst í kynni við Rússann Mikhaíl Pushkin og Kanann Antoní Brávn sem eru samnemendur hans í íslenskunámi. Þessar tvær persónur eru táknervingar heimsveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, en að auki á Ísland fulltrúa í þessu hópi sem er Dr. Loftur Fróðason sem kennir þeim hið ástkæra og ylhýra og má sannarlega segja að hann sé hinn dæmigerði Íslendingur eða hinn íslenski alþýðumaður. Auk þess að kenna þeim íslensku fræðir hann félagana um ýmislegt sem viðkemur landi og þjóð og hvernig best sé að snúa sér í hversdagslegum málum. Aukapersónur sagnanna beggja *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* eiga það sameiginlegt að vera einfaldar, hlutverk þeirra er augljóst og skýrt fyrir hvað þær standa. Gistihússeigandinn og hans frú eru táknervingar auðvaldsins og koma fram við vinnufólk sitt eins og sá sem valdið hefur. Eldabuskan er vinnusöm og húsbóndaholl en jafnframt er fátt sem gerist á gistiheimilinu sem og í bænum sem fer framhjá henni. Vikapilturinn sem er munaðarlaus er ungur, velviljaður og hefur gaman af lífinu og tilverunni. Leó hittir einnig táknerving þjóðernishyggjunnar í hlutverki fulltrúans í Dómsmálaráðuneytinu þegar hann sækir um íslenskan ríkisborgararétt.

Ásgeir Helgason er í hlutverki fórnarlambins, hann er sonur sundhetju sem er ekkjumaður. Kaldhæðni örlaganna háttar því svo að Ásgeir kann ekki að synda en starfar sem baðvörður í Sundhöllinni. Persóna Ásgeirs kemur þó nokkuð við sögu því andi hans svífur yfir Reykjavíkurborg þegar Leó og félagar eru að reyna að leysa ráðgátuna um morðið á Ásgeiri og dularfull viðskipti með frímerki þar sem tvíburabræðurnir Már og Hrafn koma við sögu. Nöfn bræðranna gefa til kynna hvers konar fuglar þar eru á ferð.

Saga Gabríels erkiengils í skáldsögunum *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* er sköpunarsaga og hliðarsaga aðalsögunnar. Gabríel er stöðugt að reyna að blása í heimsendalúður sinn en er sífellt truflaður af Lúsífer og lúðrablasturinn tekst ekki og heimurinn ferst ekki. Undir lok sögunnar frýs tíminn, þegar Gabríel varpar frá sér lúðri sínum en hann hafði uppgötvað að hann var kona, er ekki aðeins heimsendi forðað heldur er tíminn stöðvaður og ekkert getur framfar gerst. Gabríel er fulltrúi sögunnar, boðberi mannkynsins og trúarlegra þátta.

2.5 Birtingarmynd kvenna

Í *Augu mín sáu þig* kemst sögumaðurinn svo að orði:

Þegar óþol grípur konur, skáldsagnapersónur af kvenkyni, þá ganga þær oft út að næsta glugga og horfa út um hann. Yfirleitt er það eldhúsglugginn, og er þá til marks um að þær séu kúgaðar húsmæður, eða stofuglugginn sem aftur bendir til að konan sé fangi í glæsilegu einbýlishúsi á besta stað í bænum.

Á meðan konan virðir fyrir sér kunnuglegt útsýnið, grámyglulegar blokkir í fyrri tilfellinu, uppljómaða borgina í því síðarnefnda, þá fara um huga hennar hugsanir sem í fyrstu eru ruglingslegar, ómarkvissar og tengjast fyrst og fremst því sem bindur þær í báða skó innan veggja heimilisins. En þegar líður á innra talið skýrast hugsanirnar. Konan nær að leggja saman tvo og tvo, til dæmis setur hún samasemmerki á milli þess sem hún klæðist og getnaðarlíms eiginmannsins sem hún neyðist til að dásama á næturnar með lýsingarorðum úr munni hans sjálfs.

Kjafstæði¹⁸

Þegar persónur sagnanna eru skoðaðar út frá kynjahlutföllum kemur í ljós að karlpersónur eru mun fleiri en kvenpersónur í báðum sögunum. Í fyrri sögunni er það hins vegar eins og áður segir kvenpersónan Marie-Sophie sem hefur áhrif á framvindu sögunnar. Tilvitnunin hér að framan er dæmigerð fyrir hlutverk kvenna í skáldsögunum *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Þrátt fyrir að Marie-Sophie sé önnur aðalpersóna *Augu þín sáu þá* hefur hún ekki mikið að segja um atburðarásina þegar sköpun gólemsins er lokið. Segja má að persóna Marie-Sophie sé konan og kvenímyndin í öllu sínu veldi. Hún er líka tákngevingur móðurímyndunarinnar og aðskilnaður hennar eða fjarlægð við barn sitt, þ.e. góleminn er þekkt minni í skáldsögum.

Grein Helgu Kress, „Veröldin er söngur“, fjallar um hinn hreina tón og kvenímynd eilífðarinnar í verkum Halldórs Laxness, en margt í henni mætti heimfæra upp á persónu Marie-Sophie. Þrátt fyrir að ekki sé að fjallað um tónlist í *Augu þín sáu mig* eiga lýsingarnar á kvenímyndinni afskaplega vel við þá ímynd sem Sjón virðist vilja draga upp af konum í *Augu þín sáu mig*.

18 Sjón, *Augu þín sáu mig*, bls. 59.

Sjón á það sameiginlegt með Halldóri Laxness að skrifa undir áhrifum súrrealista og tenging þeirra sem yrkja og skrifa undir þeim áhrifum við náttúruna fer ekki framhjá lesandanum. Halldór Laxness tengdi persónusköpun sína við tónlist en hjá Sjón er persónusköpunin oft á tíðum líkust ljóði. Móðurtáknið og móðirin eru allt um lykandi í *Augu þín sáu mig* en þó ekki alltaf sýnileg, en það er einmitt dæmigert fyrir mæður, þær eru oft á tíðum bak við tjöldin.

Helga Kress kemst svo að orði: „Í verkum Halldórs eru sterk tengsl milli skáldskaparins og móðurinnar.“ [...] „Söngur móðurinnar er söngur lífsins, náttúrunnar og upprunans. Hann tilheyrir barninu, en lifir ekki í samfélaginu öðruvísi en sem minning. Hann verður hvorki sviðsettur né keyptur, og honum geta engir alheimssöngvarar náð.“¹⁹ Orðin eiga vel við þá kvenlýsingu sem Sjón býr til af Marie-Sophie í *Augu þín sáu mig*.

Þær kvenpersónur sem koma fyrir í *Augu þín sáu mig* eru aukapersónur og falla undir erkitýpur og gegna ákveðnu hlutverki í sögunni sem er ekki stórt, eru einhliða og flatar. Þessi hópur samanstendur af systur Gabríels erkiengils, Hósíönnu, eldabuskunni á gistiheimilinu, „innhaberínunni“ – eiginkonu gistihússeigandans og svo eru það sögurnar af barninu og dvergnum þar sem sagt er frá móðurinni og í sögunni af kerlingunni og keisaranum. Allar þessar lýsingar á konum eru staðlaðar og gegna sínu hlutverki líkt og lesandinn þekkir úr öðrum sögum.

Í *Með titrandi tár* er því svo farið að skortur á kvenpersónum er alger ef frá er talin sagan af örkinni hans Túbals, þar sem systur hans sjö eiga að sjá um hann meðan foreldrar hans bregða sér af bæ. Systurnar hafa hins vegar fengið nóg af barnapössun og leggja á ráðin hvernig þær geti komist á stefnumót við syni Guðs. Þær ákveða að taka drenginn með sér með þeim afleiðingum að hann verður ástfanginn af englinum Elíasi sem áleit Túbal vera áttundu systurina. Saga Túbals endar með því að hann fæðir börnin Eilíf og systur hans.

Í framhaldi sögunnar um Túbal fær lesandi sýn inn á söguvið sögumannsins og greint er frá samtali hans og óþekktrar stúlku sem greinilega er komin til að hlýða á sögu hans. Þar er á ferð kvenmaður sem vill drekka eitthvað sterkara en kaffi, er með regnvott hár, hefur átt erfiðan dag og veit að hún þarf að raka á sér fætuna og sögumaður er sammála henni um það. Þegar þau hafa komið sér fyrir til að halda sögunni áfram fær hún sér sígarettu.²⁰ Báðar þessar lýsingar á

19 Helga Kress, „Veröldin er söngur“, *Skírnir*, 176. ár (vor 2002), bls. 51 og 52.

20 Sjón, *Með titrandi tár*, bls. 30.

kvenpersónum í sögunni vekja upp spurningar um hvers vegna kvenpersónurnar eru svona fáar og hvernig persónur þetta eru. Hugsanlega er það höfundurinn einn sem getur svarað þessum spurningum en vissulega er hægt að velta því fyrir sér hvers vegna þetta er svona. Var ekki þörf fyrir fleiri kvenpersónur? Er þetta karlasaga? Er það gert meðvitað hjá höfundi, þ.e. að sneiða að mestu hjá kvenpersónum?

Eða er hlutur kvenpersóna í sögunni svo lítill vegna þess að þetta er sköpunarsaga sem sögð er á forsendum karla? Er þetta karlmiðjuð saga eins og sköpunarsaga Biblíunnar sem gerir Adam mun hærra undir höfði en Evu, enda er hún búin til úr rífi hans og verður ekki til á sjálfstæðan hátt eins og hann? Í bók Margaret Clunies Ross, *Prolonged Echoes*,²¹ er fjallað um goðsögur sem lýsa sköpun á forsendum karla, þar kemur fram að karlar geti bæði mótað og skapað líf og viðsnúningurinn í sköpun mannsins verður alger. Út frá þessu mætti ætla að það eina sem „hinn hvíta karl“ vantar sé einmitt það að geta búið til líf og geti hann það er nærvera konunnar óþörf.

Öllum ofantöldum spurningum er óhætt að svara játandi en ef til vill er einhver allt önnur ástæða fyrir fjarveru kvenpersóna í sögunni. Hins vegar eiga þær kvenpersónur sem birtast í sögunni það sameiginlegt að virðast vera sterkar konur sem hafa sjálfstæðan vilja og ákveðnar skoðanir en eru samt sem áður undirgefnar. Systurnar sjö eru undirgefnar foreldrum sínum, og þeim finnst þær ekki fullkomnar fyrr en þær hafa náð sér í mannsefni og eru tilbúnar að gera allt til að það megi takast. Vinkona sögumannsins er honum undirgefin en það lýsir sér í því að hann hefur hafið söguna þegar hún kemur, en hann er þess fullviss að hún nái þræðinum og líka að hún virðist þurfa að raka á sér fæturna til að þóknast honum.

3. Argóarflísín

Tilurð skáldsögunnar um *Argóarflísina – Goðsögu um Jason og Keneif* má rekja til skoska útgefandans Jamie Byng sem fékk þá hugmynd að fá tuttugu og fimm útgefendur víðs vegar um heiminn til að leggja út af þekktum goðsögum. Í ritröðinni er stefnt saman nokkrum af fremstu rithöfundum samtímans og túlkar hver þeirra goðsögu að eigin vali, með þeim hætti sem höfundinum hugnast best. Yfir goðsögum ríkir ævintýraljómi, þar geta allir hlutir og hugsanir átt

21 Margaret Clunies Ross, *Prolonged Echoes*, bls. 144-186.

sér stað og um leið miðla þær af reynslu, þrám, löngunum og ótta. Fyrst og fremst minna goðsagnir okkur á hvað það er að vera maður.

Argóarflísín segir frá rosknum Íslendingi, Valdimar Haraldssyni sem er búsettur í Kaupmannahöfn. Sagan hefst á vormánuðum árið 1949. Valdimar verður fyrir því óvænta láni að vera boðið að gerast farþegi í jómfrúarsiglingu M/S Elizabet Jung-Olsen sem er danskt farmflutningaskip í eigu skipafélagsins Krónosar. Förinni er heitið til Tyrklands og þaðan til Sovétríkjanna. Um borð í skipinu kemst Valdimar í kynni við annan stýrimann, Keneif, sem reynist vera lífsreyndur sjómaður. Hann hefur þann háttinn á að afloknum kvöldverði segir hann samferðafólki sínu söguna af því er hann sigldi með hinu sögufræga skipi Argó og skipstjóranum Jasoni syni Esons og tók þátt í mikilli glæfracör Argóarfara til Kolkis að sækja gullna reyfið. Á leiðinni höfðu sæfararnir viðdvöl á eyjunni Lemney og komust þar að því, sér til undrunar en þó nokkurrar ánægju að þar bjuggu einungis konur.

Átökin í sögunni snúast annars vegar um hinn nútímalega hugsunarhátt sem Valdimar Haraldsson er fulltrúi fyrir og hins vegar hugsunarhátt goðsögunnar sem virðist svífa yfir vötnunum á skipi Krónosarfélagsins. Helsti fulltrúi þessa þankagangs er Keneifur. Það er hann sem á sjálfa Argóarflísína og hefur upp úr henni sögur frá ferðalagi Jasons og Argóarfaranna. Keneifur hefur þann háttinn á að „áður en hann hóf frásagnir sínar dró hann fúinn spýtukubb upp úr vasa sínum og lagði að hægra eyra sér eins og símtól“.²²

Höfundur sækir efnivið í goðsagnir, þjóðsögur, sjóarasögur og jafnvel ævisögur. Sagan sem Keneifur segir skipsfélögum sínum minnir óneitanlega á Ódysseifskviðu þar sem hetjan Ódysseifur, er stöðugt á heimleið en tefst alltaf við verkefni sem hann kemst ekki hjá að leysa. Hann þarf að kljást við ófreskjur og dreka, dauða menn og lifandi konur sem girnast hann. Þessu má líkja við ævintýri Argóarfaranna þar sem þeir lenda óvænt eftir storm á ströndum Lemneyjar og þrátt fyrir ráðleggingar fleysins fellur Jason sonur Esons í þá freistingu að „bjarga“ konunum á Lemney. Fyrir það geldur hann að lokum með lífi sínu, en það kann sjaldnast góðri lukku að stýra að óhlýðnast goðunum, í þessu tilfelli Aþenu sem lagði Argóarfjölinu í fleyið og hefur lóðsað sæfarana í för þeirra. Það má einnig segja að sjóarasögubragur sé á frásögninni en einkenni sjóarasagna eru þau að þær eru yfirleitt nokkuð mikið ýktar og skreyttar og ekki beinlínis sannferðugar. Ástæðan fyrir því er sú að sjóarinn þ.e. sá sem kemst lífs af er yfirleitt bara einn til frásagnar og getur því hagað framvindu, umhverfi og aðstæðum að sínum þóttu.

22 Sjón, *Argóarflísín*, bls. 22.

Saga Keneifs ber óneitanlega keim af sjóarasögum, enda er Keneifur einn til frásagnar og saga hans segir frá ótrúlegum ævintýrum Argóarfara.

Titill verksins bendir til þess að eitthvað sé fjallað um goð í sögunni. Höfundur tileinkar sér goðsögulegt tungutak á einkar afslappaðan og áreynslulausan hátt. Þá tekst honum að koma fyrir tíðaranda þess tíma sem sagan gerist á og andi eftirstriðsáranna er áþreifanlegur. Árin eftir stríð einkenndust af uppbyggingu sem alls staðar var ráðandi sem og nýjum straumum og stefnum á sviði stjórn mála, jafnt hérlendis sem erlendis. Persónur sögunnar bera þess merki að hafa upplifað erfiða tíma en horfa fram á bjartari veg. Brytinn og hans spúsa ætla augljóslega að koma ár sinni vel fyrir borð en Valdimar grunar þau um græsku. Það lýsir tíðarandanum líka vel þegar verkamaðurinn í pappírsværksmiðjunni slasast þá standa hinir verkamennirnir saman á móti forstjóranum og taka til sinna ráða, taka bíl forstjórans traustataki til þess að flytja þann slasaða á sjúkrahús. Það er þvert á vilja forstjórans að bifreið hans sé brúkuð til slíkra nota.

Óhætt er að segja að *Argóarflís*in sé póstmóðernísk skáldsaga með tilliti til efnistaka og vinnuaðferða. Ytri rammi sögunnar er ferðalag Valdimars og innan ferðalagsins segir Keneifur frá ævintýrum sínum og Argóarfara.

3.1 Valdimar Haraldsson

Í *Argóarflísinni* er aðalsöguhetjan og sögumaður Íslendingurinn Valdimar Haraldsson. Hann er ekkjumaður sem kominn er á efri ár og hefur verið búsettur í Kaupmannahöfn um nokkurt skeið. Valdimari eru yfirburðir norræna kynstofnsins all hugleiknir og telur að þá yfirburði megi rekja til fiskneyslu. Hann hefur árum saman annast útgáfu tímaritsins *Fisk og Kultur* sem er hans helsti vettvangur til að koma þessu sérkennilega áhugamáli sínu á framfæri. Á fyrstu síðum sögunnar kynnist lesandinn því furðuheimi þessa tuttugustu aldar manns og verður ásamt honum vitni að þeim furðuhlutum sem eiga sér stað um borð í M/S Elízabet Jung-Olsen.

Ármann Jakobsson hefur ritað grein um *Argóarflísina* sem hann nefnir „Gylfaginning á grísku skipi“. Í greininni kemst hann ágætlega að orði um Valdimar:

Trú Valdimars á fiskátið er studd vísindalegum rökum, rétt eins og margar kreddur nútímans. Hann er með tölur á hraðbergi og inn í þetta fléttast kynþáttahyggjan sem segja má að hafi verið ráðandi í Evrópu á fyrri hluta 20. aldar áður en Hitler og hans kónar komu óorði á hana. Í Valdimari fara þannig saman ein mikilvægasta hugmyndafræði 20.

aldar í einna geðþekkastrí mynd sinni og hin almenna ákafa vísinda- og framfaratrú þessa tíma, um leið og hann notar vísindin sem hálfgerð blæti, svipað og allir þeir sem selja megrunarkúra, undrallyf og fegrunaraðgerðir í nútímanum. Samt er Valdimar ekki að öllu leyti nútímamaður, til þess er hann of mikill hugsjónarmaður og vísindaáhugi hans þrátt fyrir allt of almennur, miðað við sérhæfingu seinustu áratuga.²³

Valdimar er flöt, einhliða persóna sem alltaf er innan síns ramma. Persónulýsingar eru ekki beinar og lesandinn fær alla sína vitneskju um Valdimar frá honum sjálfum sem verður til þess að hann setur fram gallalaus mynd af sjálfum sér, enda efast hann aldrei um eigið ágæti. Valdimar er alvitur sögumaður sem jafnframt er þátttakandi í atburðarásinni. Hann hefur efnivið sögunnar í höndunum en lesandinn veit þó ekki hvort sá efniviður hefur verið betrubættur af honum sjálfum eða ekki. Sem alvitur sögumaður hefur Valdimar ótakmarkaða vitneskju um hvaðeina sem spannar hans áhugasvið, hvort sem það er um menn eða málefni. Það er rödd og sjónarhorn Valdimars sem leiðir lesandann í gegnum þá sögu sem sögð er af siglingu skipsins.²⁴ Persóna Valdimars er þannig úr garði gerð að þrátt fyrir að vera flöt og einhliða er hún margslungin í sérvisku sinni. Nokkur fjarlægð er á milli Valdimars og lesandans en hana má rekja til þess að persónusköpunin er einföld og persónan sérvitur. Ranghugmyndirnar sem Valdimar hefur um sjálfan sig verða lesandanum fljótlega ljósar og segja má að þar skilji leiðir, en þrátt fyrir að lesandinn finni ekki til samkenndar eða samsami sig ekki með Valdimar er ekki þar með sagt að ekki megi hafa gaman að honum. Valdimari má lýsa sem þröngsýnum karlfauski, sem er forpokaður og fordómafullur, sérstaklega í garð kvenna, en þó meinlaus og góðhjartaður sem hefur skýr skil á milli þess sem er rétt og rangt, gott og vont og hefur brjótsvit til að greina þar á milli. Valdimar vill hins vegar gefa þá mynd af sjálfum sér að hann sé víðsýnn lærdómsmaður í sem víðustum skilningi þeirra orða.

23 Ármann Jakobsson, „Gylfaginning á grísku skipi“, *Tímarit Máls og menningar*, 2006/3, bls. 111-112.

24 Åsfrid Svensen, *Tekstens mønstre*, bls. 101-116 og 129-154.

3.2 Keneifur

Til skiptis við Valdimar segir Keneifur annar stýrimaður á farmflutningaskipinu sögu Argóarfaranna. Keneifur er leyndardómsfullur náungi, sérstaklega ef litið er til þess að hvergi kemur fram að nokkur með þessu nafni hafi verið í sögu Jasons eða í áhöfn Argó. Keneifur fullyrðir hins vegar að hann hafi verið í áhöfn skipsins. Hann segir frá því að hann hafi eitt sinn verið stúlka að nafni Kenís eða allt þar til henni var nauðgað af Poseidoni, sem hafi boðið Kenís eina ósk, en hún hafi óskað sér að verða karlmaður svo hún þyrfti aldrei aftur að upplifa slíka raun. Samstundis breyttist hún í Keneif sem lifði um langan aldur í mávslíki, hann er risavaxinn og er þeim eiginleika gæddur að málmar fá honum ekki grandað.

Keneifur er ekki alvitur sögumaður og hefur einungis yfirsýn yfir sína sögu, þ.e. sögu Argóarfaranna. Hann er flókin og marghliða persóna. Lesandinn fær vitneskju um háttalag hans og útlit frá Valdimari sem er ekki hlutlaus í lýsingum sínu og í fyrstu virðist vera að Valdimari geðjist ekki að honum. Það breytist þó þegar líða tekur á söguna þrátt fyrir að Valdimar viðurkenni það ekki beint. Svokölluð pastiche-aðferð er notuð við persónusköpun Keneifs, en þá er átt við að persónan sé samsett út bútum héðan og þaðan, úr „raunverulegum“ ævisögum sem og goðsögum. Í eftirmála sögunnar sem höfundur ritar kemur fram að líta megi á Keneif sem fulltrúa Krónosar, þ.e. goðsögulegs tíma og því á það vel við að hann sem staddur á skipi í eigu skipafélagsins Krónosar og hafi það hlutverk að stjórna gangvirki þess. Keneifur virðist geta brugðið sér í allra kvikinda líki og þegar rýnt er í nafn hans kemur í ljós að Keneifur er annað nafn Seifs sem var sonur Krónosar (eða Satúrnusar), sem barnaði Ledu sem þá var í líki svans. Seifur var brögðóttur líkt og hinn norræni Óðinn og báðir áttu það til að bregða sér í dulargervi. Allt framangreint varpar ljósi á hlutverk Keneifs í sögunni ef við gefum okkur að hér sé Seifur sjálfur á ferðinni og segi Valdimar þessa sögu.

Óhætt er að segja að í Keneifi sameinist margir eiginleikar, svo margir að ótrúlegt er að þeir geti tilheyrt einni og sömu persónunni. Keneifur hefur það fram yfir aðrar sögupersónu að hann hefur verið stúlka og hefur þar með innsýn í reynsluheim kvenna, hann hefur einnig verið í líki mávs og hefur þar með tengingu til náttúrunnar og kemur fram á sjónarsviðið í *Argóarflísinni* sem hrjúfur, ædrulaus karlmaður sem hefur margar fjöruna sopið. Í Keneifi sameinast því hið karllega, hið kvenlega og hið dýrslega sem gerir persónuna einstaka og ef til vill fullkomna, því hver vill ekki vera þessum eiginleikum gæddur að hafa skilning á öllum þessum þáttum?

3.3 Aukapersónur

Aukapersónur í *Argóarflísinni* eru þó nokkrar en það liggur í hlutarins eðli að þær takmarkast nokkuð við áhöfn M/S Elízabetar. Auk Valdimars og Keneifs eru um borð skipstjórinn Alfredson, fyrsti stýrimaður, fyrsti vélstjóri, brytinn og lagskona hans. Helst er það skipstjórinn Alfredson, brytinn og lagskona hans sem koma við sögu, en Valdimar gengst upp í að reyna að gera skipstjóranum til hæfis en finnur í fyrstu brytanum og lagskonu hans allt til foráttu. Persónulýsingar á aukapersónum sögunnar verða aldrei hlutlausar því þær markast af álitum Valdimars sem miðlar þeim til lesandans. Það á því líka við þegar lesendur kynnast nágrönnum Valdimars, þegar hann er kominn heim úr siglingunni og er það frú Lauritzen sem kemur mest við sögu en Valdimar virðist eiga í einhverskonar ástarsambandi við hana.

Í sögu Keneifs eru aukapersónur hins vegar mýmargar enda spannar saga hans langan tíma og viðkomustaðir eru margir. Helst eru það þó konur sem koma við sögu þar sem áhöfn Argóar er bróðurpart sögunnar stödd á kvennaeyju og verður vikið að þeim síðar.

Aukapersónur *Argóarflísarinnar* eru líkt og í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* erkitýpur, sem standa fyrir ákveðin gildi sem ekki fara fram hjá lesandanum.

3.4 Birtingarmynd kvenna

Í *Argóarflísinni* er ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að kvenpersónum en eins og fyrr segir má skipta þeirri sögu í tvennt, annars vegar í söguna sem Valdimar segir og hins vegar þá sem Keneifur segir. Í sögu Valdimars eru í raun bara tvær kvenpersónur, kona brytans og nágrannakona hans í Kaupmannahöfn frú Lauritzen. Kona brytans kemur þó nokkuð við sögu þar sem hún er Valdimari nokkuð hugleikin, og telur að hún sé þess valdandi hversu sjaldan fiskur er á borðum í skipinu. Honum þykir hún líkjast konunum í sögunni sem Keneifur segir og heldur að hún sé um borð í skipinu ekki einungis til að vera með bónda sínum heldur til þess „að leita að nýjum karli, einhverjum sem ætti meira undir sér en ólukkulegur maður hennar og sá skyldi verða farskjóti hennar til nýs og betra lífs.“²⁵ Valdimar dregur því þá ályktun að kona brytans sé að fara á fjörur við hann, en þegar hún kemst að því að hann er „bara efnalítið íslenskt gamalmenni, ekkjumaður sem á nóg með sjálfan sig og býr einsamall í þröngri fjörtíu og sex fermetra leiguíbúð í Kaupmannahöfn, og ekki á besta stað í bænum [...] þá hefur hlaupið í hana

25 Sjón, *Argóarflísinn*, bls. 61.

kergrja, þá hefur hún farið að hatast við mig.²⁶ Frú Lauritzen kemur til sögunnar þegar Valdimar rifjar upp ferð sína með M/S Elízabetu. Áður en hann fór í ferðina þótti honum frú Lauritzen vera:

vitgrönn, leiðinleg og hirðulaus um garðinn sinn.[...]“ en nú finnst honum hún fróð um „alls kyns dægurmál, maður hennar var einhverskonar skáld, og getur hún sagt mér fréttir úr heimi leikhússins, sönglistarinnar og bókmenntanna. Það gerir hún á sinn glaðværa máta, og alltaf má hafa gaman af frásögnum hennar, þótt óneitanlega sé efnið lítilvægt. Sjálfur tala ég um alþjóðastjórnsmál og það sem hæst ber í vísindum samtímans, er það helst manneldisfræðin en mikilvægi hennar hefur vaxið mjög í allri uppbyggingunni eftir ófriðinn.²⁷

Þessi ummæli Valdimars lýsa viðhorfi hans til kvenna ágætlega, en þó verður það að teljast markvert að hann skuli viðurkenna að ferðin hafi breytt honum og viðhorfum hans til ýmissa mála, m.a. nágrannakonunnar. Það að honum þyki málefni hennar lítilvæg í samanburði við hans eigin hugðarefni segir margt um hann og að hann geti haft gaman af félagsskap hennar þegar hann hefur ekkert betra að gera.

Lítum á frásögn Keneifs en eftirfarandi orð hans endurspeglar nokkuð það hlutverk sem konur hafa í sögu hans:

Það er útbreidd skoðun að farmenn eigi kærustu í hverri höfn, en þetta er ofmælt. Við eigum alls ekki kærustu í hverri höfn, en oftast í einni og einni, og stundum í þremur eða fjórum. Eins og gefur að skilja er misþægilegt við þetta að eiga þótt viljinn sé alltaf fyrir hendi, það fer eftir löndum og siðum innfæddra hversu konur þeirra eru fúsar til fylgilags við aðkomumenn. Þótt það sé nánast regla að sjómenn fari í land og nái sér í kvenmann, þá getur það mistekist í sumum höfnum; og allra verst er þegar hluti áhafnarinnar þarfa að leggja í siglingu án þess að hafa hitt á sælustundina í örmum undirgefinnar fegurðardísar.

26 Sjón, *Argóarflísín*, bls. 62.

27 Sjón, *Argóarflísín*, bls. 136-7.

Þá vill oft verða grunnt á því góða með þeim sem fengu og hinna sem ekkert fengu. Og slík misklíð innan áhafnarinnar er nokkuð sem enginn skipstjóri óskar sér.²⁸

Af þessu textabroti má sjá að sú reynsla sem Keneifur hefur gengið í gegnum, þ.e. að vera bæði kona og karl, endurspeglast í frásögn hans. Um leið og hann afsakar þær sögusagnir um kvensemi farmanna en hefur jafnframt skilning á henni. Það er einnig ljóst að honum finnst hlutverk kvenna mikilvægt, að gleðja og auðga hversdagslíf karla. Konur eru áberandi í sögu Keneifs enda eru söguhetjurnar eins og fyrir segir bróðurpart sögunnar staddar á Lemney þar sem einungis eru búsettar konur. Hann tekur fram að eina konan í áhöfn Argóar hafi verið veiðimærin Atalanta, en auk hennar kemur við sögu fjöldinn allur af kvenpersónum, drottningar og konungsdætur sem lesendur kannast við úr grískri goðafræði en einnig er sögð saga Guðrúnar Gjúkadóttur sem tilheyrir norrænni goðafræði. Það er skáldkona á Lemney sem segir Argóarförunum sögu Guðrúnar og Sigurðar Fáfnisbana, og þannig eru norrænar goðsagnir samþættar hinum suðrænu í sögu Sjóns.

Þegar Argó leggur að höfn í Lemney eru konurnar sem þar eru staddar orðnar hungraðar eftir körlum og beita öllum brögðum til að laða áhöfn skipsins að sér, sem tekst með góðum árangri. Myndin sem dregin er upp af konum er sú að þær séu ákveðnar og klókar og óhræddar við að nota kynþokka sinn til að ná fram vilja sínum, hvort sem það er til að ná í þann karl sem þær girnast eða í hversdagslegri málum sem snúa að daglegu lífi á Lemney.

Af þessu má álykta að í *Argóarflísinni* sé hlutverk kvenna það að þjóna karlmönnum og vera til staðar þegar þeirra er þörf. Konur séu hin ágætasta skemmtun en ekki sé hægt að ætlast til mikils af þeim þegar taka þarf á alvöru málum, ekki að það hafi reynt á það í *Argóarflísinni* nema ef vera skyldi í sögu Keneifs þar sem konur hafa bæði völd og sjálfstæðan vilja.

Þrátt fyrir að Keneifur sé í líki karls í sögunni sem hann segir virðist smámeyin Kenís fylgja honum sterkt sem og reynsla hans af því að hafa um tíma verið í líki mávs, því er það með kvenlegu innsæi sem hann segir sögu Argóarfaranna en tenging hans við náttúruna er einnig mikil enda eins og fyrir segir sameinast öll þessi öfl í Keneifi.

28 Sjón, *Argóarflísinn*, bls. 34.

4. Samanburður og ályktanir

4.1 *Augu þín sáu mig, Með titrandi tár og Argóarflísín*

Sögurnar tvær sem hér hefur verið fjallað um eiga margt sameiginlegt en eru um leið ólíkar. Báðar eru sögurnar sköpunarsögur, *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* lýsa sköpun gólemsins, *Argóarflísín* lýsir sköpun mannsins. Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* má segja að umfjöllunarefnið sé annars vegar gyðingar og sköpunarsaga þeirra og hins vegar hvíti kynstofninn. Í *Argóarflísinni* fer það ekki leynt að aðalpersónunni Valdimar Haraldssyni er hugleikinn yfirburður hins norræna kynstofns og því leiðir það óhjákvæmilega hugann að kynþáttum heimsins, kostum þeirra og göllum. Sögurnar fjalla því báðar um manninn, mennskuna og mörk hennar.

Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* er sögusviðið þröngt og persónulegt en sagan hefst eins og áður segir í litlum smábæ í Neðra-Saxlandi og fylgir lesandi Leó Löwe þaðan til Íslands þar sem sagan endar. Að segja að sögusviðið sé þröngt og persónulegt er átt við að lesandinn er allan tímann að fylgjast með Leó Löwe ná markmiði sínu sem er sköpun gólemsins. Óhjákvæmilega verður sagan því persónuleg þar sem þetta er persónulegt markmið Leó. Þegar talað er um að sögusviðið sé þröngt er átt við að í *Augu þín sáu mig* gerist sagan nær öll innan veggja gistiheimilisins, inni í herberginu þar sem Leó Löwe og Marie-Sophie halda til og í *Með titrandi tár* er Leó kominn til Íslands í litla kjallaraíbúð í miðbæ Reykjarvíkur en sagan á sér öll stað í Reykjavík.

Í *Argóarflísinni* er sögusviðið víðara og almennara. Sagan hefst í Kaupmannahöfn og berst til Feðufjarðar í Noregi. Þrátt fyrir að meginpart sögunnar liggi skipið, sem sagan gerist á, við festar í þessum norska firði er það fyrir tilstilli Keneifs sem sagan berst um víðan völl, m.a. aftur til goðsögulegra tíma. Það er því saga inn í sögunni svokölluð rammafrásögn. Ytri sagan er í rétttri tímaröð og gerist á átta dögum en innri sögutími er afstæður og fleygir fram og aftur um margar aldir. Tímaröðin er brotin upp með fram- og afturgripum.

Báðar gerast sögurnar eftir síðari heimsstyrjöldina og bera keim af þeim tíðaranda sem þá var ríkjandi. Sögurnar eru líka áþekkar að því leyti að alvarlegur undirtónn er í þeim báðum en

Þegar lesandi hefur komist áleiðis kemst hann að því að í þeim gerast atburðir sem ólíklegt er að eigi sér stað í raunheimi og eiga sér í raun enga skýringu aðra en þá að sögurnar eru báðar skrifaðar undir áhrifum súrrealisma. Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* fer lítið fyrir þeirri íróníu sem er í *Argóarflísinni* og einhvern veginn er það alvarlegri saga þrátt fyrir að í henni gerist ótrúlegir og ótrúverðugir atburðir. Leó Löwe er alvörugefinn og trúverðug persónu og tónn sögunnar er í takt við hann. Valdimar er enginn sprelligosi en hann er ýkt persóna og í einstrengingsskap sínum verður hann ótrúverðugur og spaugilegur.

Í báðum sögunum er lagt út af goðsögnum. Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* er það goðsaga gyðinga um góleminn sem liggur til grundvallar. Sú goðsaga var rakin hér að framan í stuttu máli, en rétt er að hnykkja á því að hún felur í sér sköpunarsögu eins og Úlfhildur Dagsdóttir bendir á í grein sinni um *Augu þín sáu mig*:

Það er almennt talið að bókin *Sefer Yetzirah* sé fyrst rita til að lýsa þeirri trú að heimurinn sé skaptur úr hinum tuttugu-og-tveimur bókstöfum hebreska stafrófsins. Bókin varð að einu helsta stoðriti hins gyðingalega mystisisma eða kabbalah, og geymir meðal annars lýsingu á því hvernig gera skuli gólem. *Sefer Yetzirah* hefur verið tímasett einhversstaðar milli þriðju til sjöttu aldar, en þar mótaði guð Adam úr leir og blés honum svo lífsanda í brjóst; eini munurinn á Adam og gólem er sá að dauðlegur maður getur ekki gefið leirkarlinum sál líkt og guð gaf Adam og því er góleminn alltaf einskonar uppvakningur, lifandi dauður. [...] Að þessu leyti er góleminn ekki bara mögnuð sköpunarsaga um manngerða veru, heldur er góleminn beinlínis sköpunarferli sjálfsmýndar; hann er ekki stöðnuð afurð, lokuð sköpun, heldur opið ferli sjálfsköpunar.²⁹

Líklegast má segja að vélum undanskildum sé æði margt í okkar veraldlegu menningu með einum eða öðrum hætti komið frá Grikklandi hinu forna. Flest okkar menningarfyribærni og fjölmörg önnur eru í helstu Evrópumálum nefnd grískum nöfnum, enda hafa þau þróast með Grikkjum fram til þessa dags. Mörg af þeim vandamálum sem við glímum við í dag voru einnig til staðar á tímum hinna fornu Hellena. Skógar eru höggðir og jörðin blæs upp, konur vilja frelsi, sjálfstæði og réttindi, ráðsettir efnamenn eru afturhaldssamir, rötleysingjar leita nýrra leiða í

29 Úlfhildur Dagsdóttir, „*Augu þín sáu mig* eftir Sjón“, bls. 319-321.

listum og stjórnháttum, spilling er mikil í siðum og þjóðmálum, sífelld togstreita milli trúarhópa og vísinda, stéttarbarátta milli ríkra og fátækra, lýðræðis og einræðis, Austurlanda og Vesturlanda. Upptalning þessi sýnir að menning Grikkja til forna varpar ljósi á okkar eigin menningu. Það er því ljóst að grískar goðsagnir hafa að öllum líkindum alltaf forskot á aðrar goðsagnir, þar með taldar norrænar goðsagnir. Grísk goðafræði hefur verið talin vaggá menningarinnar en sú norræna á jaðri hennar – á hjara veraldar. Þó að nokkur munur sé á grískri og norrænni goðafræði eru hliðstæðurnar margar og má nefna að Medea drap börnin sín líkt og Guðrún Gjúkadóttir í hefndarskyni, en hingað til hefur það þótt grimmilegt að drepa börnin sín. Grimmilegir og harðneskjulegir atburðir áttu sér líka stað í grískri goðafræði líkt og þeirri norrænu. Í grískri goðafræði eru gyðjurnar dáðar jafn mikið og goðin en í norrænni goðafræði má sjá greinilegan kynjamun þar sem goðin beinlínis úthúða gyðjunum. Allt ofantalið lýsir enn einu af því sem sögurnar eiga sameiginlegt og það er að höfundur þeirra leitar langt aftur um aldir í efnistöku sínum og setur í samhengi við nútímann. Goðsagan um góleminn og sköpun hans er reyndar fyrirbæri sem er mönnum ekki jafn tamt og goðsagnirnar grísku og norrænu en þrátt fyrir að þær séu aldagamlar eiga þær enn erindi við okkur nútímafólk.

4.2 Aðalpersónur

Sögurnar eiga það sameiginlegt að aðalpersónurnar eru fáar sem og kvenpersónurnar. Aðalpersónur sagnanna eiga það líka sameiginlegt að vera samansettar út andstæðupörum, þ.e. Leó Löwe og Marie-Sophie eru mótleikarar hvors annars og Valdimar Haraldsson og Keneifur í *Argóarflísinni*. Marie-Sophie og Leó Löwe eru andstæðupar fyrir þær sakir sem augljósar eru í upphafi að þau eru karl og kona þá eru þau einnig andstæður þar sem Marie-Sophie er einföld persóna en Leó Löwe er flókin. Marie-Sophie er ung og óreynd, Leó Löwe er maður með fortíð. Valdimar og Keneifur eru andstæðupar að því leyti að Valdimar er einföld persóna og Keneifur flókin, en einnig vegna þess að Keneifur var eitt sinn kona og þá má segja að við höfum einnig í *Argóarflísinni* andstæðuparið karl og konu. Valdimar hefur lifað einföldu lífi en Keneifur hefur tekið á sig mynd bæði stúlku og mávs. Valdimar er tákn hins norræna kynstofns sem verkar sem andstæða Keneifs sem hefur það hlutverk að halda uppi merkjum hins suðræna menningarheims. Valdimar og Keneifur eru sem svart og hvítt en eiga það sameiginlegt að ferðaáætlanir þeirra í fortíð og nútíð vilja fara úrskaiðis. Valdimar er kassalaga persóna sem er algerlega fyrirsjáanleg en Keneifur hefur upplýst lesendur með frásögn sinni að hann getur brugðið sér í allra kvikinda

líki. Marie-Sophie og Valdimar eru bæði einfaldar persónur, gegna táknrænu hlutverki, þ.e. standa fyrir ákveðin gildi. Marie-Sophie er tákngervingur hins hreina, saklausa og góða. Valdimar er tákngervingur íhaldsseminnar, einfaldleikans, þröngsýni og smáborgarans.

Leó Löwe, góleminn og Keneifur eru allt flóknar persónur og hlutverk þeirra er margvíslegt. Leó Löwe ber með sér sögu gyðinga, er fulltrúi sögulegra átaka, útlendingur og þar af leiðandi í minni hluta hópi og ætíð utan veltu. Ágætt dæmi þess er lýsingin á því þegar Leó bíður niðurstöðu Alþingis um ríkisborgararétt sinn horfir hann á starrana sem eru við Austurvöll og má skilja sem svo að þeir tákni samkennd en þeir eru líkt og Leó útlendingar. Góleminn er tákn nýrra tíma, hins nýja manns, hann segir sköpunarsögu sína, sögu þeirra sem að henni komu og hefur yfirsýn yfir allt sögusvið, bæði fortíð og nútíð. Líta má svo á að hann sé boðberi nýrrar kynslóðar, bæði hvað varðar sköpun og hugsun enda er sérstaða hans það mikil. Keneifur er einnig fulltrúi sögulegra átaka, goðsagna, hefur líkt og Leó Löwe lifað tímana tvöna, þeir eru um margt líkir, virðast báðir vera hoknir af reynslu og æðruleysi.

4.3 Aukapersónur

Aukapersónur beggja sagnanna eru einfaldar og standa fyrir ákveðin gildi. Aukapersónur *Argóarflísarinnar* bera þess merki að hafa upplifað erfiða tíma, þ.e. í seinni heimsstyrjöldinni og flestir eru að koma undir sig fótunum í nýjum heimi – ná áttum. Segja má að það sama sé uppi á teningnum í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*, í fyrrnefndri sögunni eru persónurnar reyndar staddar á viðsjárverðum tímum, en virðast að einhverju leyti ekki láta það sig mikið varða. Aukapersónurnar Rússinn og Kaninn eru staddar í nýju landi, þ.e. Íslandi, þar sem þeir eru að átta sig á lífinu og tilverunni, þeir eru útlendingar og takast á við heimamenn, Már og Hrafn.

4.4 Birtingarmynd kvenna

Sögurnar tvær eiga það sameiginlegt að í þeim eru ekki margar kvenpersónur. Aðeins ein aðalpersóna er kona og þrátt fyrir að án hennar væri sagan ekki söm kemur hún ekki lengi við sögu. Aftur á móti koma fyrir aukapersónur sem eru konur og virðist sú mynd sem dregin er upp af þeim vera svipuð. Hlutverk þeirra er þannig úr garði gert að þær eru ómissandi en ekki er gert mikið úr hlutverki þeirra, þær eru nauðsynlegir fylgihlutir en þó ekki aðalatriði. Án þeirra gætu

sögurnar ekki haft sömu framvindu og líklegt væri að ef karlmenn gætu leyst hlutverk þeirra væru þeir látnir gera það. Það er þó eitt sem konur hafa fram yfir karla og það er að konur ala börn en karla ekki. Þrátt fyrir að áðurnefnd setning sé ekki löng og láti ekki mikið yfir sér er það þó svo að hún breytir öllu í sögu mannkynsins. Það að karlar geti ekki alið börn verður til þess að þeir þurfa á konum að halda, alltaf, og konur verða körlum alltaf þarft tæki við þróun mannkynsins. Í báðum sögunum eru konur í nauðsynlegum aukahlutverkum og staðlaðar kvenímyndir koma fyrir. Innhaberínan (ráðskonan) og eldabuskan í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* leysa af hendi dæmigerð kvennaverki, innhaberínan sýnir vald sitt á truntulegan hátt og skýlir sér á bak við bónda sinn ef það hentar. Ráðskonan virðist vera alvitur um hagi gesta gistihússins sem og allra íbúa bæjarins. Í *Argóarflísinni* eru kvenpersónurnar í svipuðum hlutverkum, kona brytans er fyrirferðamikil, konurnar á Lemney sem og frú Laurintzen.

Í *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár* gerir höfundur tilraun til þess að skapa barn sem kona gengur ekki með. Slíkar tilraunir hafa áður verið gerðar í svokölluðum vísindaskáldsögum og eru þessi fyrirbæri oftast nefnd gervimenn. Leó Löwe þarf nauðsynlega á aðstoð Marie-Sophie að halda við sköpun þessa barns en um leið og hún hefur lokið hlutverki sínu hverfur hún af söguviðinu. Það virðist því sem svo að Leó takist ætluarverk sitt því saga hans er sögð af þessu barni, góleminum Jósef Löwe. Hugmyndin gengur því upp þar sem karlmaður skapar barn, því sem næst án þess að kona eigi þátt í því en þó með aðstoð hattöskjunnar sem líkja má við leg konunnar, þar sem leirklumpurinn nærast í nokkurn tíma áður en hann er tilbúinn til að líta dagsins ljós.

5. Lokaorð

Í þessari ritgerð hafa þrjár skáldsögur Sjóns verið teknar til umfjöllunar og sérstök grein gerð fyrir persónusköpun og birtingarmyndum kvenna með tilliti til áhrifa goðsagna og ummyndana á þær. Eins og hér hefur komið fram eiga allar sögurnar rætur í hugmyndaheimi og veruleika 20. aldarinnar í Evrópu og á Íslandi, en höfundur leitar einnig fanga langt aftur í aldir og það gerir sögurnar fjölbreyttari og flóknari en annars hefði verið. Til að varpa ljósi á þessa þætti í sögunum þremur hefur hér verið stuðst við heimildir og kenningar um persónusköpun, goðsagnir, kynjafræði, ummyndanir, súrrealisma og margt fleira. Þegar búið er beita slíkum hugtökum og aðferðum á sögurnar skýrist efni þeirra og aðferð nokkuð. Það sem eftir stendur er að frá örófi

alda hefur maðurinn – karlmaðurinn í þessu tilviki – leitað að hinu sama, að nálgast uppruna sinn og ljá tilverunni skáldlega merkingu. Sjón hefur með þessum sögum sínum og hjálp súrrealismans sýnt fram á hvernig karlskáld getur skapað líf með ákveðnum hætti og að allt er á hverfanda hveli, jafnt í skáldskapnum sem í lífinu. Hið súrrealíska ímyndunarafl getur þannig opnað okkur sýn á fegurðina í heimi sem er sífelldum breytingum undirorpinn.

Heimildaskrá

- Anna Björk Einarsdóttir. 2006. „Fortíðarþrá í Argóarflís Sjóns.“ *Skírnir*, 180. árg. (haust), bls. 483-496.
- Ashliman, D.S. 1999. *The Golem: A Jewish Tradition*
<http://www.pitt.edu/~dash/golem.html#golem>
- Ármann Jakobsson. 2006. „Gylfaginning á grísku skipi.“ *Tímarit Máls og menningar*, 67. árg. (3), bls. 110-114.
- Åsfrid Svensen. 1985. *Tekstens mønstre*. Universitetsforlaget. Oslo.
- Benedikt Hjartarson (ritstj.). 2001. *Yfirlýsingar, evrópska framúrstefnan*. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Reykjavík.
- Butler, Judith. 2002. „Monique Wittig. Upplausn líkamans og uppspunnið kyn.“ Vilborg Sigurðardóttir þýddi. *Ritið* (2), bls. 161-184.
- Byzant. 1999. *An Introduction to the Kabbalah*.
<http://www.templestjanose.org/JudaismInfo/tradition/Kabbalah/kabbalahintro>
- Clunies Ross, Margaret. 1994. *Prolonged Echoes*. Odense University Press. Viborg.
- Dagný Kristjánsdóttir. 2003. „Hinsegin raddir: um sannar og lognar lesbíur í bókmenntum og listum.“ *Skírnir*, 177. árg. (haust), bls. 451-481.
- Durant, Will. 1979. *Grikkland hið forna*, síðara bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Geir Svansson. 1998. „Ósegjanlegt ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi.“ *Skírnir*, 172. árg. (haust), bls. 476-527.
- Helga Kress. 2002. „Veröldin er söngur: hinn hreini tónn og kvenmynd eilífðarinnar í verkum Halldórs Laxness.“ *Skírnir*, 176. árg. (vor), bls. 47-63.
- Ingunn Ásdísardóttir. 2007. *Frigg og Freyja, kvenleg goðmögnun í heiðnum sið*. Hið íslenska bókmenntafélag. ReykjavíkurAkademían. Reykjavík.
- Jakob Benediktsson. 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Jón Gíslason. 1975. *Goðafræði Grikkja og Rómverja*. Ísafold. Reykjavík.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 1997. „Að loknu gullæði. Um þrjár íslenskar karlasögur.“ *Skírnir*, 171. árg. (vor), bls. 214-236.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 2006. „Sagnagerð eftir 1970.“ *Íslensk bókmenntasaga* 5, bls. 533-709. Ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning. Reykjavík.

- Kristján Árnason. 2009. „Inngangur.“ Publius Ovidius Naso: *Ummyndanir*, bls. 7-28. Mál og menning. Reykjavík.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. 1992. „Þetta er hálfgerð skyggnilýsing.“ Viðtal við Guðmund Andra Thorsson. *Mímir*, 31. árg. (1), bls. 6-12.
- Showalter, Elaine. 2002. „Femínísk gagnrýni í auðninni.“ Vera Júlíusdóttir þýddi. *Ritið* (2), bls. 125-159.
- Sigríður Albertsdóttir. 1995. „Ástin sigrar grimmdina og dauðann.“ *Tímarit máls og menningar*, 56. árg. (2), bls. 116-119.
- Sigríður Albertsdóttir. 2000. „Töfraraunsæi í íslenskum samtímaskáldsögum.“ *Tímarit Máls og menningar*, 61. árg. (1), bls. 81-100.
- Sjón. 1994. *Augu þín sáu mig – ástarsaga*. Mál og menning. Reykjavík.
- Sjón. 2001. *Með titrandi tár – glæpasaga*. Mál og menning. Reykjavík.
- Sjón. 2005. *Argóarflísín, goðsaga um Jason og Keneif*. Bjartur. Reykjavík.
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2001. „Augu þín sáu mig eftir Sjón.“ *Heimur skáldsögunnar*, bls. 314-328. Ritstjóri Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2002. „Skyldi móta fyrir landi?“ *Skírnir*, 176. árg. (haust), bls. 439-464.
- Warner, Marina. 2001. *Fantastic Metamorphoses, Other Worlds*. Oxford University Press. Oxford.
- Willis, Roy. 1998. *Goðsagnir heimsins í mynd og máli*. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Mál og menning. Reykjavík.